



Bertil Ohlin og sósíal-liberalisminn

Maður, sem kann á mörgu skil

„Til þess að vera vísindamaður
þarf skapgerð.“

David Davidson

Á norræna stúdentamótinu, sem haldið var í Reykjavík síðustu vikuna í júní-mánuði þjóðhátíðarárið 1930, var samankomið margt glæsilegra ungra manna, erlendra og innlendra. Í hópi útlendinganna vakti ungi, sænski prófessorinn



Bertil Ohlin

Bertil Ohlin sérstaka athygli. Hann hafði orðið sænskur prófessor árið áður aðeins þrítugur að aldri, var fríður sýnum og fyrirmannlegur í framgöngu. Á stúdentamótinu hélt Ohlin framsöguræðu um „Sameiginleg hagsmunamál Norðurlanda“, og segir Stúdentablaðið 1. des. 1930: „Var ræðan hin merkilegasta og prýðilega flutt“. — Fyrir tuttugu og átta árum fengu Íslendingar þannig augnabliksmynd af Bertil Ohlin, einmitt þegar framaferill hans var að hefjast. Að baki var óvenjuglæsileg námsbraut, en í hönd fóru athafnaárin.

Bertil Gotthard Ohlin heitir hann fullu nafni og er aldamótamaður, fæddur árið 1899 í smábænum Gråmanstorp í Kristjánsstatsléni á Skáni. Faðir hans var embættismaður. Ohlin hóf ungur nám og gekk mjög greiðlega. Stúdentspróf tók hann í Hälsingborg og innritaðist síðan við háskólann í Lundi og útskrifaðist þaðan sem fil. kand. árið 1917. Hann tók síðan hagfræðipróf

við Handelshögskolan í Stokkhólmi árið 1919. Við Stokkhólmsháskóla varð hann fil. lic. árið 1922 og doktorsgráðu tók hann árið 1924. Við þetta bættust námsferðir til útlanda til Grenoble og Cambridge, og meðal annars tók hann í einni þeirra M.A.-próf við Harvardháskóla (1923).

Að námi loknu hófst svo hinn fjölbreytilegasti starfsferill og þá fyrst við kennslu og fræðistörf, en síðar einnig við stjórnmál og blaðamennsku. Fyrst í stað starfaði hann sem docent við Stokkhólmsháskóla. Á árunum 1924—29 var hann prófessor í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og frá því árið 1929 hefur hann verið prófessor í hagfræði við Handelshögskolan í Stokkhólmi. Samhliða kennslustörfum hefur Ohlin gegnt fjölmörgum opinberum störfum, bæði utanlands og innan. Hann hefur átt sæti í fjölmörgum sænskum nefndum, sem um efnahagsmál hafa fjallað, á sæti í Norðurlandaráði og hefur sótt alþjóðaráðstefnur í Genf og víðar, þar sem alþjóðleg hagfræðiviðfangsefni hafa verið rædd, og oft hafa ræður hans og tillögur vakið verðskuldaða athygli og haft áhrif á gang efnahagsmála þjóðar hans og jafnvel á alþjóðavettvangi. Málflutningur hans jafnt í ræðu sem rituðu máli þykir skýr, rökfastur, byggður á gerhygli og djúpstæðri þekkingu og fluttur af einurð og skapfestu. Þessir hæfileikar hafa auðveldað Ohlin að koma skoðunum sínum á framfæri, enda eru rit hans bæði hagfræðileg og hin pólitísku víðlesin. Þá er og þessi vöggugjöf farsælt veganesti þeim, sem gerir kennslu að ævistarfi, og sjálfsagt myndu ýmsir, sem hafa lesið hinar auðskildu kennslubækur hans, vilja snúa honum til handa þeim þakkarorðum, er hann flutti

lærföður sínum, Gustav Cassel, sextugum, er hann sagði: „Taktu við þakklæti fyrir hlutdeild þína í hagfræðilegu uppeldi mínu og alls heimsins.“ Fyrir vísindastörf sín hefur hann og hlotið margháttaða viðurkenningu og er m. a. meðlimur bæði sænsku vísindaakademiunnar og verkfræðiakademiunnar.

Hagfræðingur í þjónustu skynseminnar

„Það er útbreidd skoðun, og ekki sízt á meðal þeirra, sem með völd fara, að hagfræði sé óþörf við stjórn þjóðfélagsins.“

Pierre Mendès-France

Hagfræðin er gamalgróin vísindagrein í Svíaríki. Fáar þjóðir í Evrópu geta teft fram virðulegri fylkingu heimsþekktra hagvísindamanna en Svíar hafa átt á að skipa á tveim mannsöldrum. Í hagfræðiheiminum stafar töluverðum ljóma af þessum nöfnum: David Davidson, Knut Wicksell, Gustav Cassel, Ely Heckscher, Gunnar Myrdal og Erik Lundberg, svo að nokkur séu nefnd, og vissulega hafa um sum þeirra leikið stormar, því að þeir hafa vakið deilur og flutt ný sannindi, sem auðgað hafa og víkkað sjónarsvið hagvísindanna. Í þessum fríða flokki skipar nafn Bertils Ohlins í dag veglegt sæti. — Því má svo skjóta hér inn, að í þessu fyrirmyndarríki sósíaldemokratísins hefur marxistísk hagfræði eða sósíalistísk planökonómía aldrei átt upp á háborðið á meðal hagvísindamanna, því að undanteknum Myrdal, Karin Koch og nokkrum öðrum eru erfðir sænskrar hagfræði liberalistískar, enda öll sænsk hagvísindi tuttugustu aldarinnar mjög mótuð af andlegri reisn Gustavs Cassels, sem taldi það hlutverk sitt að starfa í þágu skynseminnar, eins og hann orðaði það sjálfur.

Bertil Ohlin var einn af lærisveinum Cassels og að vissu leyti arftaki hans sem höfuðmálsvari frjálslyndra hagfræðiskoðana í Svíþjóð. Þessar skoðanir og niðurstöður af rannsóknum sínum, sem sumar hverjar voru alger nýmæli, hefur Ohlin sett fram í fjölda rita. Ein fyrsta bók Ohlins bar heitið „Den världsekonomiska depressionen“ og gerði grein fyrir rannsóknum hans varðandi heimskreppuna, sem hann framkvæmdi á vegum Þjóðabandalagsins í Genf. Síðan fylgdu á eftir stórmerk rit hans um verzlun og alþjóðaviðskipti, „Interregional and International Trade“ (1933), þar sem hann skýrir utanríkisverzlunina á grundvelli verð-

myndunarkenningar, en ekki í ljósi verðmætiskenningarinnar. Um þetta afrek fórust Gustav Cassel þau orð, að „þetta afrek táknar mikla endurbót á kenningunni um alþjóðaviðskipti“. Á sænsku kom svo hver bókin af annarri, „Utriks-handel och handelspolitik“ ('34), „Peningapolitik ofl“ ('34), „Kapitalmarknad och räntpolitik“ ('41) og á ensku „International Economical Reconstruction“ (1936). Árið 1936 gaf hann út pólitíska hagfræðiritið „Fri eller dirigerad ekonomi“ sem síðar verður vikið að. Fyrir utan hagfræðikenningar sínar um utanríkisviðskipti er Ohlin ásamt fleiri Stokkhólmshagfræðingum kunnastur fyrir fræðilegar kenningar um aðferðir til þess að fylgjast með hagsveiflum. Á grundvelli þeirra komust Svíarnir að niðurstöðum, sem eru sumpart fyrirrennarar að þeim kennisetningum, sem J. M. Keynes gat sér síðan mestan orðstír fyrir í bók sinni „General Theory of Employment etc.“ (1936).

Kjarninn í öllum hagfræðiskrifum Ohlins er hin frjálsa búskaparstarfsemi, því að hann segir: „Framfaratrú hinnar frjálslyndu stefnu og traust hennar á skipulagi atvinnufrelsis og einkaeingarréttar hefur í reyndinni hlotið staðfestingu á yfirburðum sínum“. Á áratugum haftabúskapar og áætlanakukls hefur rödd Ohlins jafnan hljómað þróttmikil í þjónustu skynseminnar og áhrifa hennar gætt langt út fyrir landamæri skandinaviska smásósíalismans.

Vísindamaður verður flokksforingi

„Stjórnsmál eru m. a. spurning um það, hvernig rétti eigi að skipa, hvernig líf eigi að tryggja, hvernig land skuli byggja og hvernig trú skuli vernda. Í því starfi þarf á beztu kostum mannsins að halda, og þá reynir ekki sízt á hugsjónir og trú æskunnar á framtíðina.“

C. G. Ekman

Bertrand Russel segir einhvers staðar, að Bretar séu kunnir fyrir það meðal Evrópuþjóða, að eiga ágæta heimspekinga, en hafa skömm á heimspekinni. Svíar eiga hins vegar eins og áður er sagt marga ágæta hagfræðinga. Um álit þeirra á hagfræðinni skal ósagt látið, en hins vegar er það ekkert launungarmál, að þeir hafa ekki haft neitt sérlegt dálæti á hagfræðingum öðrum fremur sem stjórnálamönnum, a. m. k. hafa hinir frægustu sænskra hagfræðinga yfirleitt ekki settið á þingi eða skipað ráðherrastóla. Þessu er

að því er virðist töluvert öðru vísi varið hjá mörgum þjóðum, því þar hafa kunnir hagfræðingar oft verið á oddi í stjórnmálabaráttunni, átt setu á þingum og skipað áhrifamikil sæti í ríkisstjórnnum. Er þar skemmst að minnast Daltons og Wilsons í Bretlandi, Erhards í Þýskalandi, Mendès-France í Frakklandi og Thorkil Kristensen í Danmörku, að ógleymdum sjálfum Hjalmar Schacht.

Bertil Ohlin braut því að vissu leyti hefð sænskra borgaralegra hagfræðinga, er hann gerðist stjórnmálamaður. Fyrstu spurnir, sem menn hafa af opinberum afskiptum Ohlins af stjórnmálum eru í kringum 1920. Ernst Wigforss fyrrverandi fjármálaráðherra Svía segir í endurminningum sínum (Minnen III) frá því, er Ohlin vakti fyrst athygli hans. Það var umræðufundur í Frjálslynda klúbbum í byrjun árs 1920. Einn af þeim, sem tóku til máls og þótti gera sérlega skilmerkilega grein fyrir skoðunum sínum, var ungur einkennisklæddur hermaður. Þessi ungi maður reyndist vera Bertil Ohlin, sem þá var aðeins 21 árs og gengdi herþjónustu. Síðar áttu sósíalistinn Wigforss og liberalistinn Ohlin oft eftir að leiða saman hesta sína. Áður en rakinn verður frekar ferill stjórnmálamannsins Ohlins, er ekki óeðlilegt að gera nokkra grein fyrir þróun flokks þess, sem hann snerist til fylgis við og átti síðar eftir að veita forustu.

Sænski liberalisminn stendur á evrópskum grunni. Lengstu ræturnar má rekja allt aftur til einstaklingshyggju Lúthers, sem hélt fram beinni ábyrgð hvers einstaklings gagnvart æðri máttarvöldum. Og það var engin tilviljun, að einmitt í þeim löndum, þar sem fylgjendum Lúthers óx fiskur um hrygg og tókst að losa sig undan ofríki kaþólsku kirkjunnar, fæddist hugmyndin um frjálslyndari þjóðfélagsskipan. Sú hugmynd var síðan fullmótuð í meðferð heimspekinga og hagfræðinga. Má þar fyrstan telja John Locke, sem auk annars tvígreindi félagsvaldið milli löggjafa og framkvæmdarvalds og Montesquieu, sem jók óháðu dómvaldi við til tryggingar réttaröryggi einstaklingsins. Í hlut Johns Stuart Mills féll það að skilgreina varanlega vestrænt frelsishugtak, Jeremy Bentham lagði til velfarnaðarmarkmið frelsishugsjónarinnar og Immanuel Kant dró upp takmarkalínurnar fyrir einstaklingsfrelsinu með þeim meginrökum, að menn ættu ekki aðeins að vera frjálsir, heldur einnig að

bera ábyrgð á eigin frelsi. Hagfræðilega efniviðinn lögðu þeir svo til Adam Smith og David Richardo. Og ekki er sagan sögð öll, ef þeir eru ónefndir Manchester-félagarnir Cobden og Bright, enda þótt tuttugustu aldar liberalistar telji sig ekki eiga óskipt sálufélag við þá.

Sjálfir hafa Svíar einnig lagt nokkuð af mörkum í hugmyndasjóð liberalismans og telur sænski Þjóðflokkurinn (Folkepartiet) á meðal lærifeðra sinna og hugsjónasmiða þá Adolf Hedin (um 1800), Erik Gustaf Geijer, Lars John Hierta og síðar Louis de Geer.

Fyrsti stjórnmálaflokkurinn í Svíþjóð, sem stofnaður var á grundvelli frjálslyndu stefnunnar, tók til starfa árið 1895. Árið 1900 stofnaði Karl Staaf svo „Liberala samlingspartiet“. Í byrjun aldarinnar var þessi flokkur mjög áhrifamikill um gang mála og í annarri deild þingsins átti hann um eitt hundrað þingmenn á sama tíma og þar áttu aðeins fáeinir jafnaðarmenn sæti. Árið 1923 klofnaði flokkurinn og fór fylgi hans því stöðugt hrakandi. Í kosningunum 1932 hrundi fylgið af flokknum og hafði það áfall þær afleiðingar, að forvígismaður flokksins, C. G. Ekman, lét af forustu og hvarf af sviði stjórnmálanna. En senn snerist þróunin á gæfuvegin fyrir flokkinn, því að árið 1934 sameinuðust flokksbrotin tvö að nýju og mynduðu „Folkepartiet“ — Þjóðflokkinn — undir forsæti Gustafs Anderson í Rasjön. Um þessar mundir kemur Ohlin til sögunnar og haslar sér varanlegan völl á stjórnmálasviðinu. Við flokkasamsteypuna var hann kjörinn formaður æskulýðssamtaka flokksins árið 1934 og hélt því forsæti til ársins 1940. Árið 1938 var hann fyrst kosinn á þing og var samtímis kjörinn formaður þingflokks síns í fyrstu deild. Árið 1944 vann Þjóðflokkurinn mikinn kosningasigur, og á því ári varð Gustaf Anderson landshöfðingi og lét af formennsku Þjóðflokksins, en Ohlin var kjörinn formaður flokksins. 30. sept. það ár varð hann viðskiptamálaráðherra í samstjórn þeirri, er með völd fór, en lét af því embætti 31. júlí 1945, er samstjórnin sagði af sér að ófriði loknum. Fram til ársins 1946 voru stjórnarandstöðuflokkarnir þrír, Íhaldsflokkurinn, Bændaflokkurinn og Þjóðflokkurinn, ámóta stórir, en í kosningunum það ár vann Þjóðflokkurinn kosningasigur, sem jók fylgi hans svo, að hann varð stærstur þessara flokka, og þannig forustu

Framh. á bls. 39

flokkur stjórnarandstöðunnar. Hefur hann haldið þeirri förustu fram til þessa árs, enda þótt hann hafi á síðustu tveim árum orðið fyrir verulegu fylgistapi og sé af þeim ástæðum töluverður vandi á höndum, sem ekki verður séð fyrir hverjar afleiðingar kunni að hafa fyrir stjórn og styrk flokksins.

Á 20. öldinni tók í vaxandi mæli að gæta áhrifa nýrra félagsvísinda á stefnu frjálslyndra í Svíþjóð, sem og raunar flestra annarra flokka. Árið 1936 gaf Bertil Ohlin út sitt pólitíska höfuðrit „Fri eller dirigerad ekonomi“ — sem kalla mætti „Atvinnufrelsi eða haftabúskapur“. Í þessu riti gerir hann tilraun til þess að ummóta hugmyndakerfi líberalista með því að vefa hina nýju félagshyggju inn í uppistöður hinnar frjálslyndu hagfræði. Þessu nýja hugmyndakerfi gaf hann heitið „Social-liberalismen“, sem nefna mætti félagslegt frjálslyndi, eða félagslegu frjálslyndisstefnuna.

Ekki verður horfið frá þessum þætti í starfsævi Ohlins án þess að minnst fáeinum orðum á flokksformennsku hans. Ohlin er talinn hafa marga þá kosti til að bera, sem flokksforingi þarf á að halda. Hann er skapfastur, afburðaræðumaður í framsögu og deilu, mjög fylginn sér og stjórnsamur. Hann hefur lagt flokki sínum til nýtt hugmyndakerfi samræmt tíðarandanum og byggt upp vinnubrögð, sem eflt hafa flokkinn og fylgi hans. Einn harðvítugasti andstæðingur Ohlins, E. Wigfors, hefur farið eftirfarandi orðum um flokksforustu hans: „Dugnaður Ohlins sem flokksformanns er einstakur. — Hann hlýtur að hafa til að bera afhafnaþörf, sem er alveg óvenjuleg.“

Brezkur rithöfundur, Ernest Barker, hefur í bók sinni „British Statesmen“ flokkað framámenn í stjórnmálum Breta í tvær persónugerðir. Aðra, sem hann kallar hina „skapandi“ persónugerð, eða hina skáldlegu persónuleika, sem eru þróttmiklir og tilfinningaríkir. Til þess hópsins telur hann Cromwell, Pitt eldri, Disraeli, Rhodes, Lloyd George og Churchill. Hin persónugerðin er „óskáldleg“ og nákvæm í eðli, er á örlagatímum hæf til að mæta miklum erfiðleikum, en hefur hins vegar þolinmæði til þess að fást við smámuni daglegs lífs. Þeirrar manntegundar voru Walpole, Pitt yngri, Peel og Asquith. Ef persónuleiki Bertils Ohlins væri

greindur eftir þessari skapgerðar-flóru brezkra stjórnmála, myndi hann trúlega falla undir síðari hópinn.

Sósíal-liberalisminn

„Frjálslyndisstefnan keppir að tveim markmiðum, frelsi og félagslegu réttlæti. Tilgangur frjálslynds þjóðfélags er að sameina þau eða ná hvoru fyrir sig, án þess að fórna hinu.“

R. J. Cruikshank

Bertil Ohlin er höfundur sósíal-liberalismans. Hann skilgreindi hugmyndakerfið, studdi það rökum og gaf því nafn. Ástæðulaust er því hér að lýsa þessu kerfi, eða endursegja skoðanir hans, því að nærtækara og sanngjarnara er að láta höfundinn sjálfan tala máli sínu með orðréttum tilvitnunum, enda þótt söguþráðurinn kunni að verða eitthvað slitróttari með því laginu.

Eitt með öðru, sem Ohlin hefur sagt um stefnu sína, er eftirfarandi: „Sósíal-liberalisminn boðar frelsi einstaklingsins, en einnig ábyrgð einstaklingsins. Því aðeins skapast grundvöllur fyrir virðulegu mannlífi, að þjóðfélagið byggi á þessum staðreyndum.“ — En þær eru fleiri stefnurnar, sem keppa að virðulegu mannlífi, þótt þær bendi á mismunandi leiðir til áfangastaðar. Í ritlingnum „Ekonomisk demokratisering“ hefur Ohlin í fáeinum liðum gert grein fyrir nokkrum kennileitum á leið þeirra sósíal-liberalista. Þau eru eftirfarandi:

1.) Aukið og víðtækara frelsi til handa öllum þegnum þjóðfélagsins.

2.) Öryggi borgaranna gegn langvarandi tekjumissi af völdum sjúkdóma, slysa, örorku, elli og atvinnuleysis, ásamt tryggingu barnmargra fjölskyldna gegn kjaraskerðingu vegna ómegðar.

3.) Bætt lífsskjör til handa þegnum með auknum kaupmætti launanna.

4.) Vaxandi tekjujöfnuður án skerðingar á framleiðslugetu þjóðfélagsins.

5.) Dreifing efnahagsvaldsins í þjóðfélaginu og aukin hlutdeild og áhrif einstaklinganna í atvinnurekstri og starfsemi þjóðarþúsins.

Ástæða er til að gefa í fáum orðum skýringar á inntaki einstakra tilgreindra liða.

Eftir því sem skilja má á ummælum Ohlins á öðrum stað, felst meðal annars í þeim liðnum, sem hann telur fyrst, sú hugmynd, að sumpart

þrengi hið opinbera vald í dag um of að frelsi borgaranna, og sumpart hafi ýmis félaga- og hagsmunasamtök tekið sér vald, sem freklega skerði athafnafrelsi einstaklinganna. Gegn þessu álítur hann að vinna beri, og að löggjafinn eigi að setja félagasamtökum og valdsviði þeirra skorður.

Í öðrum liðnum er túlkaður sá meginmunur, sem er á skoðunum gamal-liberalista og sósíal-liberalista, sem felst í félagslegu viðhorfi hinna síðarnefndu, eða í því, er nefna mætti heildarhyggju sósíal-liberalistanna, sem er andstæð algerri einkahyggju gamal-liberalistanna. Um þennan þátt kenninga sinna og stefnu farast Ohlin svo orð í ritlingnum „Liberalismens Århundrade“:

„Heildarhyggjunni hefur verið aukið við frjálslyndisstefnuna. — Það er ekki auðvelt að vega og meta skyldur einstaklingsins gagnvart hópnum (t.d. stéttinni) gegn þeim kröfum, sem heildin á til einstaklingsins. Forgangskrafa heildarinnar til einstaklingsins hefur ekki alltaf verið viðurkennd. Í stórum dráttum hefur þó tekizt að samræma heildarhyggjuna manngildismati frjálslyndisstefnunnar, alveg á sama hátt og tekizt hefur að finna félagslegri samhjálp og öryggisviðleitni stéttasamtakanna svigrúm innan hins frjálslynda hugmyndakerfis. Spennan milli kröfu einstaklingsins til frelsis annars vegar og á hinn bóginn viðleitni þjóðfélagsins og félagsheildanna til öryggisaukningar á kostnað einstaklingsfrelsisins, hlýtur þó alltaf að vera fyrir hendi. Það er mikið sannleikskorn í því, sem Clemenceau sagði endur fyrir löngu, að „frelsið felst í því að aga sjálfan sig.“ Samt sem áður er erfiðasta viðfangsefni nútíma-þjóðfélags að skapa nægilegt öryggi þegnanna, án þess að skerða verulega frelsi þeirra.“

Stefnuyfirlýsinguna um bætt lífskjör styður Ohlin á þessa leið: „Þýðingarmesta atriðið er að auka afköst framleiðslunnar. — Í stórum dráttum felst það í að auka framleiðslu hvers einstaklings eða afköst vinnunnar miðað við tíma. Menn lifa á því, sem þeir framleiða. Framleiðsluaukningin er hins vegar háð tæknilegum framförum og fjármagnsmyndun, sem fær hinum starfandi höndum betri og fullkomnari hjálpartæki. Samhliða því hafa bætt vinnubrögð og aukin verkkunnátta veruleg áhrif á framleiðsluna. Þjóðfélag okkar gerir ráð fyrir góðri nýtingu framtaks einstaklinganna á öllum

sviðum. Samkeppni milli einstakra rekstrarforma mun þar hafa holl áhrif. Ekkert fyrirtæki, sem staðnar, fær staðizt samkeppnina. Vigorðið er „framfarir eða fyrirtækið ferst“. Afleiðingin af framleiðsluaukningu miðað við hvern einstakling, verður, að hreinar tekjur þeirra vaxa og lífskjör þeirra batna.“

Um tekjujöfnuðinn farast honum þannig orð: „Það er gömul kenning frjálslyndra manna, að tekjujöfnuðurinn eigi að verða eins mikill og framast er hægt, án þess að skerða vaxtarmögu-leika framleiðsluafllanna. Almennigur hefur hvorki gagn né gleði af því, að rikissjóðurinn svipti hina tekjuhærri þjóðfélagsþegna meirihluta tekna þeirra, ef eini árangurinn af þeirri skattþíningu verður sá, að dregur úr efnahagslegum framförum og fjármagnsmyndun, svo að jafnvel lífskjör almennings verða beint lakari en þau áður voru. Það er aldrei of oft á það bent, að það er ekki frá tekjumismuninum, sem þjóðfélaginu stafar meginhættan, heldur af beinni örbirgð heilla þjóðfélagsstétta.“

Um síðasta liðinn, dreifingu efnahagsvaldsins, segir Ohlin: „Að svo miklu leyti, sem dreifing efnahagsvaldsins á fleiri hendur, dregur ekki úr eða hindrar framgang annarra þeirra markmiða, sem þjóðfélagið stefnir að, er hún mjög æskileg. Það er áreiðanlega ekki farsælt til fram-búðar, að meirihluti þegnanna hafi á tilfinningunni, að þeim sé „stjórnað“ af fámennum hópi „stjórnenda“. Hinu er ekki að neita, að markmiðið framleiðsluaukning setur þessari viðleitni til dreifingar valdsins nokkur takmörk, og þau stundum þröng. Það er heldur ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, að sjálfsagður lýðræðisréttur verkamanna sé að kjósa sér stjórn í atvinnufyrirtæki, er þeir starfa við. Það er alls ekki rökrétt afleiðing hins pólitíska lýðræðis, nema siður sé. Það er aftur á móti höfuðmarkmið, að öllum sé gefinn jafn réttur og möguleikar til þess að vinna sig upp í stjórnandi stöður, og að vinnuaflið sé sem frjálsast og hreyfanlegast og fáir möguleika til virkrar þátttöku og hafi áhrif á stjórn og rekstur fyrirtækja og að framtak og hugkvæmni hvers einstaklings sé nýtt, eins og kringumstæður framast leyfa á hverjum stað.“ — — — „Það er nauðsynlegt, að borgarinn, bæði á vinnustað og í þjóðfélaginu, fái þá tilfinningu, að samstarf hans sé þýðingarmikið og að hann sé samábyrgur vinnufélögum sínum og samborgurum.“ — — —

„Sem eðlilegan þátt í dreifingu efnahagsvaldsins ber og að skoða þá viðleitni að efla rekstur smærri fyrirtækja og atvinnurekstur af miðlungsstærð, með því að stuðla að því að slík fyrirtæki verði samkeppnisfær á sem flestum sviðum.“

Lýðræði í atvinnumálum

„Að okkar áliti er maðurinn kjarni málsins, og þjóðfélagið á að mótast í þágu hans, en ekki öfugt.“

Gustaf Anderson

Bertil Ohlin hefur skrifað bók um lýðræði í atvinnumálum, „Ekonomisk Demokratisering“. Það hafa margir aðrir hagfræðingar og stjórnmálamenn á Norðurlöndum ritað um sama efni, en flestir frá algerlega andstæðu sjónarmiði. Viðhorf Ohlins til lýðræðis í atvinnumálum er snar þáttur í hugmyndakerfi hans um sósíal-liberalismann, og verða þau rakin hér með tilvitnunum.

„Leiðina til aukins lýðræðis í efnahagsmálum getur maður hugsað sér þannig: Próunin verður að beinast í þá átt að jafna möguleika þegnanna, draga úr tekjumismun og jafna áhrifa-vald stéttanna, samtímis því að þroskaður sé jafnréttisandi í þjóðfélaginu. Aðgerðir, sem miða í þessa átt, mega þó ekki hamla búskaparlegum framförum né rýra efnahagsleg kjör og menningarlega þroskamöguleika borgaranna. Æskilegt er, að framfarapróunin sé efld, jafnframt því sem frelsi og öryggi er aukið. Snar þáttur þessarar stefnu er frjálst neyzluval þegnanna, sem gefur einstaklingnum sjálfum möguleika á að ráðstafa tekjum sínum eftir vild og taka óháður ákvarðanir um neyzluval sitt. Með öðrum orðum er einnig hægt að segja, að stefna beri að því að draga úr stéttamismun og stuðla að því, að hann hverfi með öllu. Einmitt frá þessu sjónarmiði eru kjarabætur til handa almenningi þýðingarmeiri en tekjujöfnunin.“

„Vissulega eru því allar framkvæmdir, sem miða að aukinni framleiðni, vaxandi afköstum og meiri framleiðslu, og hafa í för með sér bætt lífskjör fyrir alþjóð í efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu tilliti, til þess fallnar að gera leiðina til lýðræðis í atvinnumálum greiðfærari.“

Í hugleiðingum sínum um lýðræði í atvinnumálum, kemur Ohlin víða við og telur upp mörg atriði, sem hann ýmist telur vera þætti lýðræðis í atvinnumálum eða forsendur þess að

koma því skipulagi á. Skulu nokkur þessara ummæla tínd hér til.

„Sérstaka áherzlu ber að leggja á endurbætur á fræðslukerfinu, til þess að auka möguleikana til fræðilegrar og hagnýtrar menntunar.“ — — —

„Að aukin menntun færi þeim, sem hennar afla sér, auknar tekjur, er augljóst og eðlilegt og beint æskilegt. Vaxandi lýðræði í uppeldis- og fræðslumálum stuðlar einnig að örari og frjálsari flutningi milli starfsstéttanna.“

Ohlin er sérlega meðmæltur félagsmálastarfsemi innan einstakra fyrirtækja. Bendir hann á verksvið þessarar tegundar, svo sem námsstyrki til handa ungum verkamönnum og skrifstofufólki, vaxtalaus lán, lífeyrissjóði starfsfólks, sumardvalarheimili, íþrótt- og listaklúbba, heilbrigðiseftirlit, varnir gegn atvinnusjúkdómum, verðlaun fyrir stundvísi og launauppbætur fyrir forfallalausa vinnusókn. En til þess að fyrirtækin geti veitt eitthvað af þessari þjónustu, þarf að breyta skattakerfinu þannig, að það geri slíkar greiðslur og kostnað af þeim skattfrjálsar eða frádráttarhæfar við skattlagningu. Varðandi skattakerfið bendir hann á, að „óheppilegt skattakerfi, sem dregur úr sparnaði og lamar atvinnuframtak manna, getur verkað sem beinn hemill á efnahagsframþróunina.“ — — „Stighækkun skattlagningar má heldur ekki vera of há. Er þá heldur hyggilegra að skattleggja hátekjumenn með óbeinum lúxussköttum á neyzlu þeirra.“

Ohlin bendir á nauðsyn aukinnar gernýtingar við rekstur fyrirtækja, nýtni og sparsemi við framleiðslu og dreifingu og aukna standardiseringu framleiddra vara til lækkunar á framleiðslukostnaði og aukins almenns kaupmáttar. Um þetta segir hann: „Til þess að viðhalda og auka framleiðnimátt fyrirtækjanna er áriðandi, að samkeppninni í atvinnulífinu sé haldið vel vakandi.“ — — — „En samkeppnin milli mismunandi fyrirtækja og ólíkra rekstrarforma verður auðvitað að vera á jöfnum grundvelli.“

Um hlutdeild ríkisins og þess opinbera í atvinnurekstri farast honum svo orð: „Afskipti hins opinbera af atvinnulífinu með því að taka rekstur vissra atvinnugreina eða fyrirtækja í hendur ríkis eða bæjarfélaga eða setja þau undir beint eða óbeint opinbert rekstrareftirlit, hafa haft tiltölulega lítil áhrif á hinar efnahagslegu framfarir.“ — — „Í stórum dráttum hafa framfarirnar átt sér stað fyrir atbeina hins frjálsa

framtaks og í skjóli opinberrar efnahagspólitíkur, sem ekki hefur verið mótuð af sósíalistískum viðhorfum.“ — Og hann heldur áfram: „Ríkið er ekki heppilegur atvinnurekandi. Við val forstjóra í slíkum fyrirtækjum eru oft höfð önnur sjónarmið en hæfni umsækjendanna. Opinberum fyrirtækjum hættir, frekar en einkafyrirtækjum, til þess að verða þrælar skrifstofumennskunnar. Þeim er gjarnara á að verða ósveigjanlegri og skortir fremur getu til þess að aðhæfa sig breytilegum aðstæðum, og einkafyrirtækin eiga því auðveldara með að mæta ýmiss konar áhættum. Með töluverðum rétti má fullyrða, að við rekstur einkafyrirtækisins sé fyrsta boðorðið að gera eitthvað, sem er snjallt, en við rekstur opinbers fyrirtækis skipti það meginmáli, að mönnum verði engin mistök á.“

Þá hefur Ohlin ýmsu við að bæta um þá efnahagsstefnu, sem hann hefur gefið heitið lýðræði í atvinnumálum: „Einn þýðingarmesti þátturinn við að skapa grundvöll fyrir lýðræði í efnahagsmálum er að tryggja mikla og jafna atvinnu ásamt meðvitund borgaranna um öryggi fyrir því, að þeir fái atvinnu, sem vinna vilja. Þetta er höfuðviðfangsefni þeirrar stefnu, sem keppir að fullri vinnu, eða vinnu fyrir alla. Kjarni þess viðfangsefnis er að hindra efnahagskreppur með jákvæðri atvinnupólitík. Þó er viðfangsefnið ekki aðeins að hindra kreppur, heldur einnig og stundum e. t. v. fyrst og fremst að koma í veg fyrir verðbólgu, eða þá ofspennu atvinnulífsins, sem leiðir til vinnuafllsskorts. Ofspenna á vinnumarkaðnum og jafnvægisskortur atvinnulífsins, sem af því leiðir, bjóða nefnilega heim haftabúskapnum og skömmunarkerfinu, sem rýra kjör borgaranna sökum þess, að afköst þjóðarbúsins og tekjur minnka.“ — „Mikið vandamál í sambandi við framkvæmd stefnunnar um fulla vinnu er, hvernig hægt sé án ríkisafskipta að skapa það kaups- og launajafnvægi, sem samrýmanlegt sé föstu verðgildi peninganna.“

Varðandi afskipti hins opinbera af atvinnumálum fram vfir það, sem greint er, hefur Ohlin sett fram þá skoðun, að ríkið eigi aðeins að beita sér fyrir að marka stóru-línurnar á vissum sviðum atvinnumála eða það, sem hann kallar „ramhushállning“, sem á „í stórum dráttum að takmarka sig við að sníða efnahagsstarfsemiinni stakk, t. d. með ákveðinni tolla- og skattapólitík, kreppuvarnarpólitík, eftirliti með einkasölum

o. fl. Innan þeirra ramma, sem almannavaldið setur, eiga einstaklingarnir að hafa athafna-frelsi. Þess vegna fá markaðslögmálin að njóta sín þar að mestu óskert.“

Félagslegur markaðsbúskapur tryggir rétt neytandans

„Það eina frelsi, sem verðskuldar nafnið frelsi, er frelsið til þess að leita eigin lífshamingju eftir eigin geðþótta, svo lengi sem við sviptum ekki aðra þeirra velfarnaði eða hindrum þá í að ná honum.“

John Stuart Mill

„Fáir munu verða til þess að andmæla því, að verðmyndunin er ein veigamesta uppistaða þeirra búskaparháttanna, sem við þekkjum. Verðmyndunin hvetur til framleiðslu og framboðs á þeim vörum og þjónustu, sem fólk hefur vilja og getu til þess að kaupa og skapar möguleika á, að framleiðsluöflin beinist að slíkri starfsemi. Sú framleiðsla, sem neytendur telja minna virði og vilja því greiða lægra verð fyrir, verður að víkja fyrir framleiðslu þeirra vara, sem þeir sækjast fremur eftir og eru því fúsir að greiða tiltölulega hærri verð fyrir. Samkeppnin hefur tilhneigingu til að stuðla að því, að þeir framleiðendur og kaupmenn, sem bezt og við vægustu verði geta fullnægt óskum neytendanna, sitji að viðskiptunum og færi út kvíarnar í rekstri sínum, en hinir verða að draga saman seglin. Frjálst neyzluval hefur í för með sér, að hver einstaklingur fær í hendur vald og rétt til þess að taka sjálfur ákvörðun um það, hvernig hann vilji verja tekjum sínum, þ.e.a.s. hvernig hann vilji skipta þeim niður á neyzlu einstakra hluta. Þetta er vissulega í samræmi við frjálslynda lýðstjórnarhugsun. Hins vegar er verðmyndunin ekki án galla. Á öllum stjórnskipunarlægum og efnahagskerfum eru einhverjir misbrestir, og er hinn sósíalistíski áætlunarbúskapur þar langt í frá að vera annarra eftirbátur. Verðmyndunin, sem einnig má nefna „markaðsbúskap“, starfar því aðeins snurðulaust, að þrjár meginforsendur séu fyrir hendi: Í fyrsta lagi að lítil brögð séu að einkasölusamningum til takmörkunar á samkeppni eða a. m. k., að af þeim leiði ekki minnkaða framleiðni fyrirtækjanna eða of hátt söluverð vöru samanborið við framleiðslukostnað. Í öðru lagi ber nauðsyn til peninga- og kreppuvarnarpólitíkur, sem tryggi fasta og jafna atvinnu og þar af leiðandi tiltölulega fastar tekjur, ásamt tryggingarlög-

Sala sjávarafurða og S.Í.F.

Ekki alls fyrir löngu kom sölufyrirkomulag fisk-afurðanna töluvert við sögu á vettvangi stjórnmálanna. Var einkum um það rætt, hvort frjáls-ræði skyldi ríkja um útboð á íslenskum sjávar-afurðum og sem flestir sjá um sölu þeirra til út-landa, eða hvort salan skyldi vera á sem fæstum höndum hér heima. Var margt skrifað og skrifað og sýndist sitt hverjum.

Á þeim tímum, þegar næg er eftirspurn, má um það deila, hvort betra sé að hafa fáa eða marga um útboð og sölu afurðanna. En fari framboðið verulega og varanlega fram úr eftirspurninni, liggur í augum uppi, hvílik hætta stafar af innbyrðis bar-áttu seljendanna um kaupendurna, sérstaklega, ef kaupendurnir eru fáir og efnahagslega sterkir. Geta þeir þá att seljendunum saman og knúið fram miklar verðlækkanir. Enn alvarlegri verða erfið-leikar seljendanna, þegar varningur þeirra þolir litla geymslu, eða er mjög dýr í geymslu. Get-ur þá hin minnsta samkeppni milli seljandanna verið stórskadleg og gert kaupendum kleyft að ákveða sjálfir verð og kjör. Má í því sambandi minna á verðhrunið, sem varð á saltsildinni 1919, eða hinar snöggu verðsveiflur, sem verða á ísfisk-markaðinum í Englandi og Þýskalandi.

Þannig þurfa menn, sem vilja gera sér grein fyrir heppilegasta sölufyrirkomulaginu að taka tillit til eðli vörunnar vegna geymsluhæfni eða geymslu-kostnaðar. Athuga verður fjölda kaupendanna og seljendanna og efnahagsleg styrkleikahlutföll milli þeirra. Einnig þarf að athuga, hvort varan er þess eðlis, að æskilegt sé að verja verulegu fé til þess að auglýsa og selja hana undir sérstöku vörumerki.

Þær pólitísku umræður, sem nefndar voru í upp-hafi, snerust einkum um saltfisksöluna og vildu „Vinstrimenn“ leysa upp sölusamtök framleiðend-anna og skapa um leið fulla samkeppni í útflutn-ingi saltfisksins. Þótti mörgum kynlegur áhugi þeirra „Vinstrimanna“ á aukinni samkeppni, enda kom fljótt í ljós, að annað lá bak við áhuga þeirra en viðleitni til að bæta hag saltfiskframleiðenda. Gátu þeir lítil rök fært til stuðnings tillögum sín-um, en mættu mjög einarðri andstöðu framleið-endanna sjálfra, sem bezt vissu um nauðsyn sam-taka sinna.

Nú eru liðin rösk 26 ár frá stofnun Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, og er því fáum í fersku minni, hverjar aðstæðurnar voru, þegar sölusam-bandið var stofnað. Þykir því rétt að rekja hér nokkuð tildrögin til stofnunar þess og sögu þess fyrstu árin. Um það efni skrifaði Arnór Guðmunds-son, skrifstofustjóri, eftirfarandi, á 10 ára afmæli S.Í.F.:

gjöf, sem ver borgarann áföllum og tekjurýrnun vegna veikinda, slysa, vinnuleysis og elli. Efnahagskreppur og atvinnuleysi hafa í för með sér soun á framleiðsluöflunum, auk annarra fylgi-kvilla. Jafnframt því sem peninga- og efnahags-málastefnan eiga að koma í veg fyrir kreppur, eftir því sem tök eru á, á hún að hindra verð-bólguþróun, sem skaðar framleiðsluna, sviptir fjölda fólks föstum tekjum og höfuðstól og rýrir hlutdeild þeirra í þjóðartekjum og almenn lífs-kjör þeirra. Í þriðja lagi ber markaðsbúskapur-inn ekki viðunandi árangur, nema tekjuskiptin manna á meðal séu ekki ójöfn um of. Króna ríka mannsins vegur nefnilega jafnpungt á markaðnum og króna þess fátæka, enda þótt þeim fyrrnefnda sé hún persónulega minna virði en þeim síðarnefnda. Ef miklum tekju-mismun fylgir svo einnig, að tekjurnar eru ótryggar, verður ástandið þeim mun óbæri legra til lengdar. Ójöfn tekjuskipting er því aðeins félagslega æskileg, að hún hafi aðra efna-

hagslega kosti í för með sér, þ.e.a.s. auki á framleiðnina, bæti afköst fyrirtækjanna, sem til lengdar á að geta komið til góða einnig þeim, sem sitja að lægri tekjum.

Það eru framar öllu þessi þrjú atriði, sem sósíal-líberalisminn hefur lengi talið nauðsyn-legt, að þjóðfélagið léti til sín taka til endur-bóta á markaðsbúskapnum.“

Þessum sjálfsagt nokkuð stuttaralega og hnökrótta útdrætti og endursögn á félagslegum og efnahagslegum skoðunum leiðtoga sænskra sósíal-líberalista verður svo lokið með þessari almennu stefnuyfirlýsinu hans og kjörorði:

„Ef Þjóðflokkurinn á með árangri að geta stuðlað að lausn hinna miklu þjóðfélagsvanda-mála framtíðarinnar, verður hann að vera trúr eðli sínu; að vera hugsjónaflokkur. Engin stétt eða hópur á öðrum fremur að vera hugðarefni okkar. Réttlæti öllum til handa, enginn sé órétti beittur.“